

L Ö G

45

27. maí

um varnir gegn útbreiðslu mæðiveikinnar og stuðning til bænda,
er beðið hafa tjón af henni.

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski, Láenborg og Aldinborg.

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallizt á lög þessi og Vér staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

Landbúnaðarráðherra hefir á hendi yfirstjórn þeirra mála, er um ræðir í lögum þessum. Hann skipar fimm manna framkvæmdanefnd, eftir tillögum landbúnaðarnefnda Alþingis, til þess að hafa á hendi stjórn þessara mála. Hann skipar og framkvæmdastjóra eftir tillögum nefndarinnar.

I. KAFLI

Um varnir.

2. gr.

Framkvæmdanefndin hefir heimild til þess að kveðja sér menn til aðstoðar við framkvæmd laganna, að fengnum tillögum framkvæmdastjóra.

3. gr.

Framkvæmdastjóra er heimilt að láta fram fara rannsókn á heilbrigði sauðfjár eftir því, sem honum þykir þörf á. Fjáreigendur, sem búsettir eru utan aðalvarðlína, eru skyldir til þess að gera viðkomandi hreppstjóra tafarlaust aðvart, er þeir verða varir við grunsamleg veikindi í fé sínu eða annara á því svæði. Hreppstjóra er skylt að bregða þegar við, er hann hefir fengið slíka tilkynningu, og rannsaka, hvernig veikinni er háttað.

Nú telur hreppstjóri, að um mæðiveiki geti verið að ræða, og skal hann þá láta lóga einni eða fleirum grunsömum kindum til þess að fá úr því skorið. Hann skal enn fremur láta einangra hjörðina unz úrskurður um veikina er fenginn. Kostnaður við þá einangrun greiðist að $\frac{2}{3}$ úr ríkissjóði, en að $\frac{1}{3}$ úr viðkomandi sýslusjóði.

4. gr.

Nú er úrskurður fenginn fyrir því, að um mæðiveiki er að ræða utan aðalvarðlína, og skal þá framkvæmdastjóri, í samráði við mæðiveikinefnd, gera þær ráðstafanir til varnar útbreiðslu veikinnar, sem nefndinni þykja tryggilegastar. Ávallt skal þó tafarlaust lóga hinu sjúka fé.

Kostnaður við ráðstafanir þessar greiðist úr ríkissjóði.

5. gr.

Aðalvarðlínur skulu vera þessar:

1. Meðfram Þjórsá frá sjó og upp í Hofsjökul.
2. Meðfram Héraðsvötnum og Jökulsá eystri frá sjó og upp í Hofsjökul.
3. Milli Steingrímsfjarðar og Þorskafjarðar eða Berufjarðar.
4. Milli Kollafjarðar og Ísafjarðar.

45 Þessar aðalvarðlinur skal treysta með girðingum og varðmönnum eftir því, sem 27. maí þörf krefur og öruggast er talið á hverjum stað.

6. gr.

Framkvæmdanefnd er heimilt að setja aukavarðlinur meðfram Blöndu frá sjó og upp í Hofsjökul, á Kili milli Langjökuls og Blöndu og meðfram Ölfusá, Hvítá og Brúará frá sjó og upp í Langjökul, ef nefndinni þykir það nauðsynlegt til að tefja fyrir útbreiðslu veikinnar.

7. gr.

Nú vilja bændur gera tilraun til þess að verjast fjársamgöngum með því að setja upp varnargirðingar fyrir ákveðin svæði, sem framkvæmdanefndin telur líkur til, að séu ósýkt, og er þá heimilt, með ráði nefndarinnar, að veita styrk til slíkra girðinga, er nemi allt að 35 aurum á hvern metra, enda verði girðingar þessar eign þeirra, er kosta þær að öðru leyti. Styrkurinn má þó ekki nema meiru en 50 aurum á hverja fullorðna kind, sem verja skal.

Nú vill sveitarstjórn einhvers hrepps koma upp slíkri varnargirðingu, og skal þá oddviti gera öðrum sveitarstjórnnum aðvart, sem gera má ráð fyrir, að not hafi af slíkri girðingu. Skal oddviti hvers hrepps eða hreppshluta tafarlaust leita álits hlutaðeigandi fjáreigenda, og skulu þeir kjósa einn fulltrúa til þess að fara með umboð sitt á sameiginlegum fundi sveita þeirra, er hér um ræðir. Sá fundur ræður málinu til lykta, og er ákvörðun hans bindandi fyrir alla fjáreigendur á svæðinu.

Styrkur til þessara girðinga greiðist því aðeins, að girðingarstæði sé samþykkt af framkvæmdastjóra og að gerð og frágangur girðinga sé tekið gilt af honum eða trúnaðarmanni hans.

Allur annar kostnaður við þessar girðingar, svo og varzla meðfram þeim og allar búsifjar, sem ráðstafanir þessar veita nágrönnum og bótaskyldar eru, greiðist af eigendum þess fjár, er verja skal, í hlutfalli við fjáreign þeirra. Skal oddviti sveitarstjórnar innheimta gjaldið með öðrum sveitargjöldum. Gjöldum þessum fylgir lögtaksréttur.

Tölu varðmanna og tilhögun vörzlu ákveður framkvæmdastjóri.

8. gr.

Framkvæmdanefnd er heimilt að setja upp einangrunargirðingar til þess að geyma í sjúkt og grunað fé í þeim héruðum, sem liggja innan aðalvarnarlína, ef veikin er ekki mikið útbreidd þar, og sé það gert í samráði við hlutaðeigandi sýslunefnd. Sýslufélagið leggur til land undir girðingu og kostnað við uppsetningu, en girðingarefni og flutningur á næsta hafnarstað skal lagður fram sem annar kostnaður við varnirnar.

9. gr.

Heimilt er að leggja girðingar þær, sem um getur í 5.—8. gr., um lönd einstakra manna og afrétti, eftir því sem framkvæmdastjóri telur haganlegast.

Náist ekki samkomulag við landeiganda um land undir einangrunargirðingu samkv. 8. gr., er sýslunefnd heimilt, í samráði við framkvæmdastjóra, að taka land undir slíka girðingu leigunámi, og fer þá um leigunámið samkv. ákvæðum laga nr. 61 14. nóv. 1917, um framkvæmd eignarnáms.

Bætur fyrir landspjöll, átroðning, afnotamissi lands eða önnur óþægindi vegna girðinga, sem um getur í 5.—7. gr., koma ekki til greina, nema alveg sérstakar ástæður séu fyrir hendi.

10. gr.

Skytt er vegfarendum, sem fara um hlið á varnargirðingum, að loka þeim trygglega. Vanræksla í þessu efni, svo og skemmdir á hliðum og girðingum varða sektum eða fangelsi, allt að 3 mánuðum. Skemmdir skal auk þess bæta að fullu.

11. gr.

Varðmenn þeir, sem tekizt hafa á hendur vörzlu við varðlinur þær, sem um ræðir í 5. og 6. gr., eru sýslunarmenn ríkisins meðan þeir gegna því starfi. Varðmaður, sem yfirgefur varðstöðu sína á þeim tíma, sem honum ber að vera á verði, eða vanrækir starf sitt á annan hátt, skal sæta sektum, nema þyngri refsing liggi við samkvæmt öðrum lögum.

45

27. maí

12. gr.

Framkvæmdanefnd er heimilt að fyrirskipa litarmerkingar á sauðfé, þar sem henni þykir nauðsyn bera til. Ennfremur getur hún bannað hverskonar litarmerkingar á sauðfé á ákveðnum svæðum.

13. gr.

Flutningur sauðfjár yfir varðlinur þær, sem um getur í 5.—8. gr., er bannaður nema samþykki framkvæmdastjóra komi til. Kindum, sem leita mjög á að komast gegnum varðlinur, má varðmaður lóga, en gera skal hann það verð úr, sem unnt er, ef eigandi hefir ekki aðstöðu til að hirða sjálfur. Greiða má bætur fyrir slíkar kindur, allt að verðlagsskrárverði, ef ástæður mæla með, að dómi framkvæmdastjóra.

14. gr.

Framkvæmdanefnd er heimilt að ráðstafa sauðfé á afrétti og í heimahögum, ef nauðsyn ber til vegna varnanna. Nefndinni er ennfremur heimilt að fyrirskipa slátrun á fé, sem kemur fyrir í útréttum, ef henni virðist það hafa þýðingu vegna varnanna. Óskilafé og ómerkinga, er fyrir koma í næstu sýslum við aðalvarðlinur, má ekki selja til lífs, heldur skal hreppstjóri sjá um, að því fé sé lógað.

15. gr.

Heimilt er sveitarstjórnnum og stjórnnum upprekstrarfélaga, með samþykki framkvæmdanefndar, að fyrirskipa breytingu á fjallgöngum, smölun heimalanda og réttum, ef það telst nauðsynlegt til heftingar útbreiðslu veikinnar. Breytingar þessar teljast ekki brot á fjallskilareglugerðum.

16. gr.

Hreppstjórar, gangnaforingjar (fjallkóngar) og réttarstjórar í þeim héruðum, sem talin eru lítið sýkt eða ósýkt, skulu hafa strangt eftirlit með því í öllum réttum og fjallgöngum, að allar veikar eða grunsamlegar kindur, er þar koma fyrir, séu tafarlaust teknar úr fjársafni og lógað eða einangraðar. Sama skylda hvílir á bændum í þeim héruðum við smölun heimalanda.

17. gr.

Leyni fjáreigandi veiki í fé sínu, skal hann sæta sektum, en verði það til þess, að veikin berist í ósýkt fé annara, varðar það fangelsisvist.

18. gr.

Allur kostnaður við girðingar og vörzlu samkv. 5.—8. gr., sem ekki greiðist af viðkomandi héruðum, greiðist að $\frac{3}{5}$ hlutum úr ríkissjóði og þeim hluta bjargráðasjóðs, sem er sameign allra landsmanna, $\frac{1}{10}$ af hvorum aðilja, en $\frac{2}{5}$ sé jafnað niður á alla sauðfjáreigendur utan aðalvarðlinanna.

Landbúnaðarráðuneytið jafnar gjaldi þessu árlega niður eftir síðasta fjárframtali á þau sýslufélög, eða hluta úr þeim, er þátt taka í greiðslunni, en þó ekki hærri fjárhæð á ári hverju en sem svarar 10 aurum á kind. Sýslumenn jafna gjaldinu milli hreppa eftir sömu reglu og innheimta það með sýslusjóðsgjöldum.

II. KAFLI

Um stuðning til bænda.

19. gr.

Fé því, sem veitt er árlega í fjárlögum til stuðnings þeim bændum, er tjón hafa beðið af völdum mæðiveikinnar, skal varið sem hér segir:

1. Til greiðslu upp í vexti af lánum og upp í jarðarafgjöld leiguliða. Þau ein lán koma til greina með vaxtastyrk, sem vottorð liggur fyrir um frá skattanefnd, að talin hafi verið fram og sönnuð í árslok 1937 ásamt vaxtakjörum.
2. Til sýslu- eða hreppavega í viðkomandi héruðum án framlaga úr sýslu- eða sveitarsjóði.
3. Til greiðslu á styrk til framræslu, túnasléttunar og garðyrkju, er nemi allt að tvöföldum styrk, sem greiddur er til skurðagerðar, túnasléttunar og garðræktar samkv. jarðræktarlögum, og til túnauka allt að jafnháum styrk og veittur er samkv. jarðræktarlögum. Auk þess greiðist lögmæltur jarðræktarstyrkur.
4. Til styrktar nýjum fyrirtækjum, er gera framleiðslu bænda verðmæta eða fjölbreytta, svo sem gróðurhúsum og rjómbúum.

Ákveða skal í fjárlögum hvert ár, hversu hárrí upphæð megi verja samkvæmt 1., 2. og 4. lið.

20. gr.

Framkvæmdanefnd hefir á hendi skiptingu fjárins. Áður en skipting fer fram skal nefndin safna skýrslum um tjón það, er hlotizt hefir af veikinni.

21. gr.

Hver hreppsnefnd velur einn mann til að safna skýrslum um fjártjón bænda af völdum mæðiveikinnar í hreppnum og öðrum upplýsingum, sem framkvæmdanefndin telur nauðsynlegar vegna úthlutunarinnar. Hver sýslunefnd tilnefnir 2 menn til þess að taka á móti skýrslum úr einstökum hreppum í þeirri sýslu, færa þær til samræmis og vera að öðru leyti framkvæmdanefndinni til ráðuneytis um skiptingu fjárins.

22. gr.

Nú hefir framkvæmdanefnd fengið skýrslu um tjón bænda af völdum mæðiveikinnar, og skal hún þá skipta því fé, er fjárlög ákveða, í hlutfalli við þann tekjumissi, er þeir hafa orðið fyrir af völdum veikinnar, skv. nánari ákvæðum reglugerðar.

23. gr.

Framkvæmdanefnd tilkynnir aðiljum, ekki síðar en í lok aprílmánaðar, hversu mikils styrks þeir megi vænta það ár. Sýslunefndin ákveður síðan, að fengnum tilögum viðkomandi hreppsnefnda, í hvaða vegum skuli unnið og hvernig þátttaka í vinnunni skiptist á milli hreppanna.

24. gr.

Framkvæmdanefnd sér um greiðslu á vaxtatillagi og jarðarafgjöldum. Þeir, sem eiga ógreidda vexti, afborganir eða jarðarafgjöld, fá því aðeins tillag upp í vexti, að þeir greiði jafnframt það, sem vangoldið er, eða hafi náð samningum um það.

Nefndin ávísar vegafénu til vegamálastjóra og jarðræktarstyrknum til Búnaðarfélags Íslands, og skulu þessir aðiljar hafa eftirlit með þessum framkvæmdum og annast útborgun samkvæmt því, sem unnið hefir verið og heimild er til.

25. gr.

45

Hreppssjóður greiðir allan kostnað við söfnun skýrslna og úthlutun styrktarfjárins innan hrepps. Sýslusjóður greiðir á sama hátt kostnað við störf sýsluráðunauta og skiptinguna milli hreppa.

27. maí

26. gr.

Bændur þeir, sem lög þessi ná til, fá án þess að greiða dráttarvexti frest á greiðslu árgjalda í lánsstofnunum, þar til séð er, hvort og hve mikinn styrk þeir fái á því ári samkvæmt lögum þessum, og er óheimilt að segja upp lánum vegna þess dráttar. Dráttur á greiðslu jarðarafgjalda til sama tíma varðar ekki missi ábúðar.

III. KAFLI

Almenn ákvæði.

27. gr.

Ráðherra er heimilt, eftir tillögum framkvæmdanefndar, að gera hverja þá ráðstöfun, er hann álitur nauðsynlega til þess að hindra útbreiðslu veikinnar og útrýma henni.

28. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að endurgreiða bændum og félögum bænda á mæðiveikisvæðinu verðtoll af loðdýrum, sem innflutt voru árið 1937.

29. gr.

Brot gegn lögum þessum varða sektum, allt að 10000 kr., eða fangelsi, og skal með mál út af slíkum brotum farið sem almenn lögreglumál.

30. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 12 frá 12. maí 1937 og lög nr. 25 frá 13. janúar 1938.

31. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

Gjört í Rönne, 27. maí 1938.

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

Christian R.
(L. S.)

Hermann Jónasson.